



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Stjórnarfundur 3
Staðsetning:	Fjarfundur
Hvenær:	15.8.25 klukkan 17:00
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir – Formaður Ársæll Rafn Erlingsson - Ritari Guðmundur Sigurðsson – Meðstjórnandi Jóhann Ágúst Jóhannsson – Varaformaður Helga Hákonardóttir - Varamaður Katrín Fjóra Bragadóttir – Varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson – Framkv.- og íþróttastjóri
Fjarverandi:	Böðvar Már Böðvarsson - Varamaður
Fundarritari:	ÁRE

Yfirferð og samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Samþykkt samhljóða.

Verkaskipting stjórnar

Gunnar Þór Ásgeirsson hefur sagt sig úr stjórn sem kallar á nýja verkaskiptingu. VRB leggur til að JÁJ verði gjaldkeri í stað Gunnars og GS verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá vetrarins

Deildarkeppni karla

Ljóst að eitt lið hefur dregið sig úr keppni í 1. deild karla. Ákveðið að spila með 11. ið í 1. deild.

Einnig rætt um fækkun liða í deildarkeppni karla þar sem reglur KLÍ gera ráð fyrir 10 liða deildum. Fyrri stjórn ákvað að fjölga liðum í 12 en JÁJ fór yfir að mikil vinna hefði farið í það á sínum tíma að finna út hvað væri æskilegur fjöldi liða í deildum. Einnig rætt um möguleika á að hafa riðlaskipta keppni í 3. deild í stað þess að fjölga deildum. Stjórn sammála að fækka liðum í 1. og 2. deild í 10. lið fyrir tímabilið 2026/2027. VRB semur útfærslur í samræmi við umræður á fundinum. Verður tilkynnt áður en komandi tímabil fer af stað.

Íslandsmót einstaklinga með forgjöf

Ákveðið að spila það með sama fyrirkomulagi og síðasta tímabil. Rætt við Sýn um útsendingu og endanlegar dagsetningar ákveðnar eftir það.

Íslandsmót einstaklinga með forgjöf

Rætt um kosti og galla þess að spila mótið blandað eða kynjaskipt. Stjórn sammála um að spila kynjaskipt og verður því spilað sitthvora helgina.

RIG

Rætt hvort að vilji sé til að halda RIG þetta tímabil og þá hvort að það eigi að vera Tour stop eða ekki. Rætt um fjármögnun. ÍTR er til í að greiða 2,5 milljónir í brautarleigu fyrir RIG. Töpuðum 267 þúsund krónum á síðasta RIG. PMP falið að setja upp fjárhagsáætlun. Ákveðið að gera ráð fyrir RIG 17-25 janúar 2026 til að eiga pláss í dagskrá.

HM (karlalið)

Samkvæmt upplýsingu frá EBF er möguleiki á að íslenska karlalandsliðið fái boð á HM. ÞÁÞ kannar hvort að möguleiki sé á að fá fjármuni frá afrekssjóði ef liðið fær boð. Ef svo er þá sér stjórn ekkert því til fyrirstöðu að senda karlaliðið.

Önnur mál

GS spurður út í ákvörðun tækninefndar um olíuburð. Tækninefnd búin að taka ákvörðun og GS mun senda á ÞÁÞ svo hægt sé að setja inn upplýsingar um burðinn.

Næsti fundur er áætlaður miðvikudagurinn 27. ágúst

Fundi slitið kl. 18:30